



VERITAS

## Stjórnarháttayfirlýsing Veritas - Starfsárið 2023



# Stjórnarháttayfirlýsing Veritas - Starfsárið 2023

Stjórn Veritas leggur áherslu á að tileinka sér góða stjórnarhætti og hefur gagnsæi, heiðarleika og gott siðferði að leiðarljósi. Þá hefur stjórnin einnig í heiðri gildi fyrirtækisins og dótturfélaga þess; áreiðanleika, hreinskiptni og framsækni.

## Góðir stjórnarhættir

Stjórnin leggur sig fram um að nýta leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Viðskiptaráð o.fl. hafa gefið út, í því skyni að auka gæði stjórnarstarfsins og fylgir tilmælum þeirra eða útskýrir frávik, eftir því sem við á í þessari stjórnarháttayfirlýsingu.

Frávik frá tilmælum leiðbeininga um stjórnarhætti á starfsárinu 2023 eru eftirtalin:

- Hluthöfum hefur ekki þótt ástæða til að setja á fót tilnefningarnefnd. Félagið er að stærstum hluta í eigu Stormtrés, sem er að mestum hluta í eigu Hreggviðs Jónssonar. Virkt samtal er milli allra hluthafa og auðvelt og skilvirkt að koma sjónarmiðum um skipan stjórnar í gegnum stjórnarformann og huga í sameiningu að því að stjórn hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi félagsins og að hana skipi nægilega margir einstaklingar af báðum kynjum.
- Félagið hefur ekki séð ástæðu til þess að skipa undirnefndir. Stjórnin er einungis skipuð þremur einstaklingum. Á starfsárinu 2023 teljast allir eða meirihluti stjórnarmanna óháðir félaginu. Færni stjórnar til að takast á við eftirlit með reikningum sem og ákvörðunum um starfskjör telst vel viðunandi og ekki þörf á skipan undirnefnda.

## Lög og reglur

Veritas starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Stjórn Veritas hefur sett sér starfsreglur í 15 liðum samkvæmt 5. mgr. 46. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Í reglunum er ítarlega kveðið á um störf hennar, mat á árangri og ábyrgð, meðal annars um valdsvið og verkaskiptingu. Starfsreglur stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins.

Fyrirtæki Veritas samstæðunnar hafa sett sér siðareglur þar sem fram koma m.a. þau gildi sem starfsemin byggir á, sem eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni. Þau lýsa þeim meginreglum sem endurspeglar starfsmenningu fyrirtækjanna. Siðareglurnar má finna á heimasíðum félaganna og í starfsmannahandbók samstæðunnar.

## Eignarhald

Í árslok 2023 var allt hlutafé Veritas í eigu Guðrúnarborgar ehf. Eignarhald Guðrúnarborgar í árslok 2023 var hins vegar með eftirfarandi hætti:

- Stormtré ehf. – 90%; sem er í eigu Hreggviðs Jónssonar, Jóhanns Jónssonar, stjórnarmanns í Distica, Leifs Hreggviðssonar, Ölmu Hreggviðsdóttur og Sverris Hreggviðssonar. .
- Stjánkur ehf. – 4%; í eigu Hrundar Rudolfsdóttur.
- Aðrir – 6%.

## Innra eftirlit og áhættustýring

Endurskoðendur félagsins eru kosnir til eins árs í senn á aðalfundi. Á aðalfundi félagsins þann 27.03.2023 hlaut KPMG hf. endurköör og er aðalendurskoðandi félagsins Hlynur Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi. Hlynur hefur verið endurskoðandi félagsins frá árinu 2013, en tók við sem aðalendurskoðandi 2016. Endurskoðendur félagsins eiga ekki hlut í félaginu eða tengdum aðilum. Endurskoðendum ber að endurskoða ársreikninga félagsins á grundvelli alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

## Samfélag og sjálfbærni

Fyrirtækið leggur ríka áherslu á sjálfbærni og ábyrgð gagnvart samfélagi. Samfélags- og sjálfbærnisráskýrsla var í fyrsta sinn gefin út árið 2021, og átti við um rekstrarárið 2020. Sambærileg skýrsla var gefin út ári síðar og fjórða Samfélags- og sjálfbærnisráskýrsla félagsins, fyrir rekstrarárið 2023 verður gefin út síðla vors. Fyrirtækið hefur í gegnum árin lagt ríka áherslu á jákvæð og uppbyggileg áhrif á umhverfi og samfélag. Formleg skýrslugjöf um ófjárhagslega mælikvarða og áhrif þeirra á samfélag og umhverfi hefur aukið formfestu og mælanleika í þeirri viðleitni að lágmarka óæskileg áhrif og auka uppbyggileg áhrif.

## Stefna um fjölbreytileika

Fjöldi stjórnarmanna hjá móðurfélagi og dótturfélögum þess voru þrír eða fjórir í hverri stjórn á árinu 2023. Allar stjórnir samstæðunnar uppfylltu viðmið um hlutföll stjórnarmanna um að einstaklingar af því kyni sem fámennara er í stjórn sé að lágmarki þriðjungur stjórnarmanna.

## Breytingar á forstjóra félagsins

Í ágúst 2023 steig Hrund Rudolfsdóttir til hliðar sem forstjóri Veritas og stjórnarformaður dótturfélaganna. Þórunna Jónsdóttir tók við stöðunni í sama mánuði og tók jafnframt við stöðu stjórnarformanns dótturfélaga samstæðunnar.

## Samsetning og starfsemi stjórnar og framkvæmdastjórnar

Í stjórn Veritas árið 2023 sátu þrír stjórnarmenn. Fyrri hluta árs sátu Þórunna Jónsdóttir, stjórnarformaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hörður Arnarson sem stjórnarmenn. Á hluthafafundi þann 25. ágúst 2023 var Hreggviður Jónsson kosinn nýr stjórnarformaður og Þórunna Jónsdóttir tók almennt sæti í stjórn. Á sama tíma vék Helga Melkorka úr stjórn. Nýja stjórn myndaði því Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður, Hörður Arnarson og Þórunna Jónsdóttir.

Þórunna Jónsdóttir er jafnframt forstjóri félagsins og ber höfuðábyrgð á þróun og daglegum rekstri þess.

Í framkvæmdastjórn Veritas sitja auk forstjóra félagsins, framkvæmdastjórnar dótturfélaga, fjármálastjóri, deildarstjóri upplýsingatæknideildar og deildarstjóri innri þjónustu/mannauðsstjóri.

Framkvæmdastjórn félagsins árið 2023 skipuðu:

- Hrund Rudolfsdóttir forstjóri Veritas (til og með 25. ágúst 2023)
- Þórunna Jónsdóttir, forstjóri Veritas (frá og með 25. ágúst 2023)

- Þórður Arnar Þórðarson, framkvæmdastjóri Vistor
- Júlía Rós Atladóttir, framkvæmdastjóri Distica
- Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Artasan
- Sigtryggur Hilmarsson, framkvæmdastjóri MEDOR
- Ólafía Ása Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Stoðar ( til 31. maí 2023)
- Þorsteinn Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stoðar (frá 1. nóvember 2023)
- Kjartan Steinsson, fjármálastjóri Veritas
- Pétur Veigar Pétursson, deildarstjóri innri þjónustu og mannauðsstjóri Veritas
- Hákonía J. Guðmundsdóttir, deildarstjóri upplýsingatæknideildar Veritas.

Framkvæmdastjórn hittist reglulega þrisvar sinnum í mánuði og eftir þörfum.

## Fundir stjórnar

Stjórnarfundir voru haldnir sex sinnum á árinu 2022, í mars, júní, ágúst, september, nóvember og desember. Fundir fóru fram með þeim hætti að allir stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra mættu á fundarstað sem alla jafna var í húsnæði félagsins að Hörgatúni, en annar septemberfundanna og nóvemberfundur stjórnar var haldinn rafrænt. Allir stjórnarmenn sóttu fundina og tóku þátt með virkum hætti. Þá sat fjármálastjóri flesta fundi undir þeim dagskrárliðum sem fjölluðu um rekstur og afkomu. Að auki komu stjórnendur dótturfélaga og stoðeininga á valda fundi til að kynna sína starfsemi. Dagskrá funda og fundargögn voru lögð fram í stjórnargátt fyrirtækisins þremur dögum fyrir fundardagsetningu.

Starfsreglur stjórnar voru uppfærðar á árinu 2022 og má nálgast á vefsíðu félagsins [Starfsreglur \(veritas.is\)](https://veritas.is)

## Upplýsingar um stjórnarmenn

### Fyrri hluti ársins 2023

Þórána Jónsdóttir, stjórnarformaður, er fædd 19. desember 1968 og búsett í Reykjavík. Hún starfaði sem stjórnendaráðgjafi hjá eigin fyrirtæki, Delta-ráðgjöf þar til hún tók við starfi framkvæmdastjóra Veritas í september. Hún er einnig lektor við Háskólann í Reykjavík og hefur um árabil sinnt ýmsum störfum við skólann, m.a. sem forseti viðskiptadeildar og framkvæmdastjóri stjórnunar og rekstrar. Þá hefur Þórána starfað sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Auði Capital, Veritas og Vistor, auk þess að vera fyrsti framkvæmdastjóri Artasan. Þórána hefur víðtæka reynslu af stjórnendabjálfun og ráðgjöf á sviði breytingastjórnunar, stefnumótunar og stjórnarháttanna. Hún er formaður stjórnar Landsbréfa og hefur áður setið m.a. í stjórn Festi, Krónunnar, Íslandsbanka og Lyfju. Þórána er doktor í stjórnarháttum frá Cranfield University í Bretlandi, lauk MBA gráðu frá IESE í Barcelona og MSc gráðu í lyfjafræði frá HÍ. Í ágúst 2023 tók Þórána við starfi forstjóra Veritas samstæðunnar og sagði þá af sér sem stjórnarformaður.

Hörður Arnarson er fæddur 24. nóvember 1962 og búsettur í Reykjavík. Hann er forstjóri Landsvirkjunar. Hann starfaði hjá Marel hf. frá 1985 og þar af sem forstjóri fyrirtækisins í tíu ár, frá 1999-2009. Hörður hefur viðamikla reynslu af stjórnun fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi. Hann hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum. Hörður er með próf í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands og doktorspróf í verkfræði frá DTU, ásamt því að hafa sótt ýmis námskeið við INSEAD og Harvard Business School.

Helga Melkorka Óttarsdóttir tók sæti í stjórn þann 07.01.2022 og starfaði sem stjórnarmaður til 25. ágúst 2023. Hún er fædd 16. maí 1966 og búsett í Reykjavík. Helga Melkorka er lögmaður með leyfi til málflytninga fyrir hæstarétti og starfar hjá lögmannsstofunni LOGOS. Hún er með LL.M. gráðu í Evrópurétti frá Ruprecht Karls Universitát í Þýskalandi. Helga Melkorka hefur áralanga reynslu af lögmannsstörfum auk viðtækrar reynslu úr viðskiptalífnum. Hún hóf störf hjá LOGOS árið 2001 og starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins á árunum 2013-2019. Helga Melkorka hefur yfirgripsmikla starfsreynslu á sviði samkeppnisréttar og Evrópuréttar. Hún hefur flutt dómsmál hjá íslenskum dómstólum, samkeppnisyfirlögum sem og EFTA dómstólum og rekið fjölmörg mál hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Önnur sérsvið hennar eru samkeppnisréttur, fyrirtækjaráðgjöf, fjármálaþjónusta og regluverk. Hún var aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og við lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún sinnti kennslu í Evrópurétti. Helga Melkorka hefur setið í stjórn í ýmsum félögum, m.a. sem stjórnarmaður í Lögmannafélagi Íslands árin 2003-2005, varaformaður árin 2005-2006 og sat í stjórn Viðskiptaráðs 2014-2022. Helga hefur verið Ad hoc meðlimur í Eftirlitsstofnun EFTA síðan árið 2004.

### Seinni hluti ársins 2023

Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður, er fæddur 18. júní 1963 og búsettur í Reykjavík. Hann er jafnframt aðaleigandi félagsins í gegnum einkahlutafélagið Stormtré ehf. Hreggviður er með BA gráðu í hagfræði frá Macalester College í St. Paul í Minnesota og MBA gráðu frá Harvard Business School í Boston. Hreggviður hefur viðtæka stjórnunarreynslu úr ýmsum geirum þjóðlífsins. Áður en hann stofnaði Veritas árið 2002 var hann forstjóri Norðurljósa og þar áður fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins. Ennfremur starfaði hann sem ráðgjafi hjá McKinsey & Company í Svíþjóð. Hreggviður var forstjóri Veritas og þar áður Vistor frá 2002-2013. Hreggviður hefur setið í stjórn hjá ýmsum fyrirtækjum og samtökum, s.s. Festi hf., hann var einnig formaður Viðskiptaráðs 2012-2016. Hreggviður tók við sem stjórnarformaður í ágúst 2023.

Þórunna Jónsdóttir situr áfram sem stjórnarmaður síðari hluta árs 2023.

Hörður Arnarson situr áfram sem stjórnarmaður síðari hluta árs 2023.

## Óhæði stjórnarmanna

### Fyrri hluti ársins 2023

- Þórunna Jónsdóttir hefur setið í stjórn frá árinu 2018. Hún á ekki eignarhlut í félaginu og á fyrri hluta ársins var hún samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti ekki tengd stórum hluthöfum. Á sama tímabili taldist Þórunna hvorki háð félaginu né stjórnendum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti.
- Helga Melkorka Óttarsdóttir hefur setið í stjórn frá ársbyrjun 2022. Hún á ekki eignarhlut í félaginu og er samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti ekki tengd stórum hluthöfum. Þá getur Helga Melkorka hvorki talist háð félaginu né stjórnendum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti.
- Hörður Arnarson hefur setið í stjórn frá árinu 2010. Hann á ekki eignarhlut í félaginu og er samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti ekki tengdur stórum hluthöfum. Þá

getur Hörður hvorki talist háður félaginu né stjórnendum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti.

Á fyrri hluta ársins 2023 töldust því allir stjórnarmenn óháðir félaginu og stjórnendum þess, sem og óháð stórum hluthöfum. Í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti telst meirihluti stjórnar óháður félaginu, auk þess að vera óháður stórum hluthöfum.

### Seinni hluti ársins 2023

- Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður, er jafnframt aðaleigandi félagsins með um 51,69% hlut í gegnum einkahlutafélagið Stormtré ehf. Samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti er hann því ekki óháður stórum hluthöfum. Hreggviður er samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti óháður félaginu sjálfu og stjórnendum þess.
- Þórunn Jónsdóttir tók við starfi forstjóra Veritas í ágúst 2023 og telst því hvorki óháð félaginu, né stórum hluthöfum. á síðari hluta ársins 2023.
- Hörður Arnarson hefur setið í stjórn frá árinu 2010. Hann á ekki eignarhlut í félaginu og er samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti ekki tengdur stórum hluthöfum. Þá getur Hörður hvorki talist háður félaginu né stjórnendum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti.

Á seinni hluta ársins 2023 töldust því meirihluti stjórnarmanna óháðir félaginu og stjórnendum þess, einn af stjórnarmönnum er óháður stórum hluthöfum. Í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti telst meirihluti stjórnar óháður félaginu, og hlutfall stjórnarmanna sem eru óháðir stórum hluthöfum er í samræmi við ákvæði leiðbeininganna.

### Árangursmat stjórnar

Stjórn Veritas leggur reglulega formlegt mat á eigin störf og störf forstjóra og framkvæmdastjóra er varða þróun félagsins. Stjórnin fylgist í störfum sínum vel með árangursmælikvörðum og framvindu félagsins og þar með með störfum forstjóra.

### Forstjóri

Stjórn Veritas leggur reglulega formlegt mat á eigin störf og störf forstjóra og framkvæmdastjóra er varða þróun félagsins. Stjórnin fylgist í störfum sínum vel með árangursmælikvörðum og framvindu félagsins og þar með með störfum forstjóra.